



Hluthafafundur Landsbankans hf.

17. júlí 2013

## Fundargerð

Hluthafafundur Landsbankans hf. var haldinn miðvikudaginn 17. júlí 2013 kl. 14:00 í bankaráðsherbergi Landsbankans, Austurstræti 11 í Reykjavík.

Fundurinn hófst með því að Tryggvi Pálsson, formaður bankaráðs, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Tryggvi gerði það að tillögu sinni að Hallgrímur Ásgeirsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt.

Hallgrímur Ásgeirsson tók við stjórn fundarins og lagði til að Kristinn Briem yrði kjörinn fundarritari og var það samþykkt.

Fundarstjóri gerði grein fyrir hvernig boðað hafði verið til fundarins. Ekki komu fram athugasemdir þar að lútandi. Fundarstjóri lýsti því yfir að löglega hafi verið boðað til fundarins og fundurinn væri lögmætur.

Fundarstjóri greindi frá því að samkvæmt samþykktum bankans skal, þegar fundur hefur verið settur, gerð skrá yfir hluthafa og umboðsmenn hluthafa, sem fund sækja, til þess að ljóst sé, hversu mörgum hlutum og atkvæðum hver þeirra ræður yfir. Fundarstjóri lagði fram skrá yfir hluthafa þar sem fram kom að Bankasýsla ríkisins fer með eignarhluti og atkvæðisrétt Ríkissjóðs Íslands (23.300 milljón hluti) og eignarhluti og atkvæðisrétt Eignarhluta ehf. (200 milljón hluti). Landsbankinn fer með 500 milljón hluti án atkvæðisréttar. Guðrún Ragnarsdóttir og Jón Gunnar Jónsson sóttu fundinn f.h. Bankasýslu ríkisins. Tryggvi Pálsson og Steinþór Pálsson sóttu fundinn f.h. Landsbankans.

Fundarstjóri lagði fram eftirfarandi tillögu að dagskrá sem var samþykkt einróma:

1. Tillaga um reglur um afhendingu hlutabréfa til starfsmanna Landsbankans.
2. Tillaga um heimild Landsbankans til að eignast eigin hluti.
3. Tillaga um breytingu á starfskjarastefnu Landsbankans.
4. Önnur mál



Því næst var gengið til samþykktar dagskrár:

### **1. Tillaga um reglur um afhendingu hlutabréfa til starfsmanna Landsbankans**

Á fundinum var samþykkt að lögð yrði fram eftirfarandi tillaga:

*Lagt er til að hluthafafundur samþykki reglur „Afhending hlutabréfa til starfsmanna Landsbankans hf. í samræmi við samning við LBI hf. og íslenska ríkið frá 15. desember 2009“ dags. 17. júlí 2013. Reglurnar eru í samræmi við samþykkt hluthafafundar frá 27. mars 2013 og byggja á samningi frá 15. desember 2009 milli fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins, Landsbankans hf. og LBI hf. Reglurnar eru einnig í samræmi við 5. gr. starfskjarastefnu bankans.*

Með tillögunni voru lögð fram drög að framangreindum reglum.

Tillagan var síðan borin upp til atkvæða og samþykkt.

### **2. Tillaga um heimild bankans til að eignast eigin hluti**

Á fundinum var samþykkt að lögð yrði fram eftirfarandi tillaga:

*Lagt er til að hluthafafundur samþykki í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 heimild þess efnis að Landsbankinn hf. eignist allt að 200 milljón eigin hluti að nafnverði. Heimild þessi varðar fyrirhuguð kaup Landsbankans hf. á hlutum í bankanum af starfsmönnum til að standa skil á tekjuskatti þeirra vegna móttóku hluta samkvæmt reglum, samþykktum á hluthafafundi 17. júlí 2013, um afhendingu hlutabréfa til starfsmanna Landsbankans hf. Lægsta og hæsta fjárhæð sem Landsbankinn hf. má reiða fram sem endurgjald fyrir hlutina er 9,3819 kr. á hvern hlut, sem samsvarar hlutfalli á milli eiginfjár og hlutafjár samkvæmt ársuppgjöri 2012. Heimild þessi gildir fram að aðalfundi Landsbankans hf. 2014.*

Tillagan var síðan borin upp til atkvæða og samþykkt.

### **3. Tillaga um breytingu á starfskjarastefnu Landsbankans**

Á fundinum var samþykkt að lögð yrði fram eftirfarandi tillaga:

*Lagt er til að 5. gr. starfskjarastefnu Landsbankans hf. orðist svo:*

*„5. Breytilegir kjarapættir*

*Í samningi fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins, Landsbankans hf. og LBI hf. frá 15. desember 2009 er kveðið á um að Landsbankinn komi á árangurstengdu launakerfi fyrir starfsmenn (e. employee incentive scheme), í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um slík kerfi hjá fjármálafrirtækjum. Á grundvelli þessa samnings og reglna Fjármálaeftirlitsins samþykkir hluthafafundur þann 17. júlí*



2013 reglur dags. 17. júlí 2013 „Afhending hlutabréfa til starfsmanna Landsbankans hf. í samræmi við samning við LBI hf. og íslenska ríkið frá 15. desember 2009“. Reglurnar skal birta á heimasíðu bankans. Breytingar á fyrrgreindum reglum eru háðar samþykki hluthafafundar. Til viðbótar framangreindri afhendingu hlutabréfa er Landsbankanum hf. óheimilt að koma á formlegu kaupaukakerfi nema með samþykki hluthafafundar.“

Tillagan var síðan borin upp til atkvæða og samþykkt.

#### 4. Önnur mál

Engin önnur mál voru borin upp á fundinum.

Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til að ganga frá skriflegri fundargerð í samráði við fundarritara og var það samþykkt. Ákveðið var að með fundargerðinni skyldu fylgja reglur þær sem samþykktar voru undir dagskrálið 1 og ný starfskjarastefna sem samþykkt var undir dagskrálið 2.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 14:15.

Hallgrímur Ásgeirsson

Fundarstjóri

Kristinn Briem

Fundarritari